

Ferð til Suðursveitar 13. til 16. maí 1975

Halldór Ólafsson

Suðurbraut 2, 220 Hafnarfjörður, hallo@hi.is

Vorið 1975 fóru nokkrir starfsmenn og styrkþegar Norrænu eldfjallastöðvarinnar austur í Suðursveit. Tilgangur ferðarinnar var að taka sýni úr jarðlagastaflanum undir suðaustanverðum Vatnajökli og kanna hinn flókna gangasveim sem gengur í gegnum Kálfafellsdal og þar umhverfis. Þátttakendur í þessari ferð auk höfundar voru Guðmundur E. Sigvaldason forstjóri stofnunarinnar, Karl Grönvold jarðefnafræðingur og styrkþegarnir Páll Imsland og Jörgen G. Larsen, sem var frá Danmörku.

Lagt var af stað frá Jarðfræðahúsi Háskólans snemma morguns þriðjudaginn 13. maí í þurru og þokkalegu ferðaveðri og var farartækið Land Rover jeppi stofnunarinnar. Haldið var sem leið liggur austur Suðurlandsundirlendi og komið við á helstu ferðamannastöðum á leiðinni eins og venja er þegar ókunnugur útlendingur er með í för. Stansað var stutt hjá Seljalandsfossi, Skógafossi, á Kirkjubæjarklaustri og í Skaftafelli en austur að Kálfafellsstað í Suðursveit komum við eftir um átta klukkutíma ferð. Á meðan ég starfaði hjá Olíuverslun Íslands hafði ég sett niður bensíndælu við heimreiðina að bænum Leiti í Kálfafellstaðarhverfi og var þar af leiðandi kunnugur bóndanum Skúla Sigfússyni. Ég ók því rակleitt heim að Leiti og fékk leiðbeiningar hjá Skúla hvar upphaf bílslóðarinnar inn í Kálfafellsdal væri að finna. Hann sagði mér einnig að slóðin hyrfi fljótlega er inn í dalinn kæmi og best væri þá að þræða aura Steinavatna enda væri þar traustur botn alls staðar. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir ók ég langleiðina inn í botn Kálfafellsdals að mynni Brókargils en það er innsta gil dalsins að norðanverðu, sem eitthvað kveður að. Þarna tjölduðum við á innsta gróna grasbala dalsins á bökkum silfurtærrar ársprænu sem seytláði út úr Brókargili. Þegar við höfðum tjaldað var gengið inn í gilið þar sem félagar mínir nutu fræða sinna og skoð-

uðu innskot og bergganga sem hvarvetna var þar að finna. Einnig söfnuðu þeir bergsýnum og fundu m.a. phlogopit í skriðu einni innarlega í gilinu, hlýtur það berg að leynast einhversstaðar í klettabelti ofan skriðunnar. Phlogopit er alkalísk bergtegund, sem mun vera mjög sjaldgæf hér á landi. Eftir þessa áhuga-verðu könnunarferð inn í Brókargil tók Karl að sér eldamennsku fyrir tjaldryum í blíðunni en við hinir nutum útsýnis á meðan eftir dalnum endilöngum allt til sjávar og inn til Brókargjökuls.

Skúli bóndi á Leiti hafði sagt mér nokkrum árum áður, eftir arfsögn úr sveitinni, að allur Kálfafellsdalur hefði verið algróinn hlíða á milli fyrr á öldum. Skoski presturinn Ebenezer Henderson, sem var hér á ferð árið 1814, segir reyndar í ferðasögu sinni að dalurinn hafi verið svo vel gróinn „að þar er beitiland fyrir stærri nautgripahjörð en jeg hafði nokkurs staðar sjóð á Íslandi“. En nú er öldin önnur og Kálfafellsdalur ekki svipur hjá vonarsjón bændanna í Suðursveit en fallegur var hann í okkar augum þótt gróskuna vantaði. Ennþá er samt dálítið kjarr á stöku stað í hlíðunum báðum megin dalsins.

Það var lofn og heiðríkja þegar við skriðum úr svefnpokum árla næsta dag. Áætlað var að verja deginum til að skoða gilin norðan dalsins, sem ganga inn í Kálfafellsfjöll milli Brókargilja og Kaldárgils að því meðtöldu, en flest eru þau grunn. Þessi gil báru samt tilkomumikil nöfn eins og sést hér á eftir. Næst Fremra Brókargili er Laufatungugil síðan kemur Kálflaflatagil svo Hestgerðisskógsgil og loks Ófæru-botnsgil. Neðsta gilið Kaldárgil er stærst og mætti frekar kalla það dal en gil. Það liggur fyrst til norðausturs í áttina að Birnudalstíndi en sveigir síðan til norðvesturs að rótum Kaldárnúps. Meirihluta dagsins vörðum við til að skoða gilin og umhverfi þeirra og vísindamennirnir reyndu að átta sig á hinu flókna